

Fundargerð 80. fundar

stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2025, miðvikudaginn 12. mars kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ný jarðhitaleit - 2311004SK

Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, býður til kynningar vegna átaks í jarðhitaleit fimmtudaginn 13. mars kl.13:00. Á fundinum verður kynnt jarðhitaátak sem stjórnvöld hafa skipulagt með áherslu á köldu svæðin þar sem rafmagn er nýtt til húshitunar og hefur ráðherra óskað eftir þátttöku SSKS.

Stjórn SSKS fagnar jarðhitaátaki umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra þar sem áhersla er lögð á hin svo nefndu köldu svæði þar sem rafmagn er nýtt til húshitunar. Er jarðhitaátakið í samræmi við helstu markmið samtakanna sem er að stuðla að frekari jarðhitaleit og vinna að lækkun orkukostnaðar til húshitunar á "köldum svæðum?".

2. Vorfundur Landsnets og Landsvirkjunar - 2311005SK

Ársfundur Landsvirkjunar var haldinn þann 4. mars undir yfirskriftinni "Meiri orku eftir styttra ferli" og vorfundur Landsnets var haldinn 5. mars undir yfirskriftinni "Magnast spennan? Orkuöryggi á óvissum tímum"

Ákveðin samhljómur var á báðum fundum þar sem m.a. var rætt um mikilvægi þess að vinna meiri raforku hér á landi og tryggja afhendingaröryggi.

3. Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum - raforkuöryggi, 130. mál - óskað umsagnar - 2503001SK

Óskað hefur verið eftir umsögn um frumvarp til breytinga á raforkulögum en markmið frumvarpsins er aukið raforkuöryggi og forgangur heimila og almennra notenda að raforku.

Stjórn SSKS tekur undir markmið frumvarpsins um aukið raforkuöryggi og forgang heimila og almennra notenda að raforku og felur starfsmanni samtakanna að skrifa umsögn í samræmi við fyrri umsagnir samtakanna um sama efni.

Björn Ingimarsson yfirgaf fundinn kl.8:25

4. **Samstarf við Samtök orkusveitarfélaga - 2502001SK**

SSKS hefur átt í góðu samstarfi við Samtök orkusveitarfélaga meðal annars um fundi og umsagnir til Alþingis og í samráðsgátt stjórnvalda. Nú síðast með sameiginlegri umsögn um frumvarp til laga um raforkulög og stjórn vatnamála.

Stjórn SSKS telur styrk falin í því að vinna áfram með Samtökum orkusveitarfélaga þegar um er að ræða sameiginleg hagsmunamál.

Stjórn SSKS býður Bryndísi hjartanlega velkomna til starfa og hlakka til góðs samstarfs í verkefnum samtakanna.

Fundi var slitið kl. 08:45